

Sjóvá – Árshlutauppgjör

1.054 m.kr. hagnaður á fyrsta ársfjórðungi 2022

Fyrsti ársfjórðungur 2022 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 461 m.kr. (1F 2021: 555 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 804 m.kr. (1F 2021: 1.652 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.054 m.kr. (1F 2021: 2.064 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 1,6% (1F 2021: 3,8%)
- Samsett hlutfall 95,6% (1F 2021: 91,4%)
- Horfur fyrir árið 2022 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 1.400-1.800 m.kr. (var 1.800-2.200 m.kr.) og samsett hlutfall um 95-97% (var 93-95%)
- Horfur til næstu 12 mánaða (2F 2022 – 1F 2023) gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 1.400-1.800 m.kr. og samsett hlutfall um 95-97%.

Hermann Björnsson, forstjóri:

Rekstur Sjóvá gekk með ágætum á fyrsta fjórðungi ársins þar sem afkoma af rekstri nam 1.054 m.kr. og er niðurstaðan góð í ljósi viðburðarríks tímabils bæði í fjárfestinga- og váttryggingastarfseminni

Þróun iðgjalda var mjög jákvæð á fjórðungnum eins og verið hefur undanfarin ár en við sjáum iðgjaldavöxt í öllum tryggingaflokkum, bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Iðgjöld tímabilsins aukast um 13,7% samanborið við sama tímabil í fyrra.

Tjónahlutfall á fyrsta ársfjórðungi hækkar frá sama tímabili í fyrra en aldrei hafa eins margar tjónstilkynningar borist í einum mánuði eins og í mars á þessu ári. Skýrist það einna helst af því að fjórðungurinn var óvenju þungur veðurfarslega og sjáum við tjón aukast á milli ára þrátt fyrir að umferðartölur sýni að færri voru á ferðinni. Það er augljóst að vegakerfið kom illa undan þessum vetri og langt síðan ástand vega hefur verið jafn slæmt. Aukin umsvif í atvinnulífinu stuðla einnig að hækkanði tjónshlutfalli á milli ára.

Samsett hlutfall var 95,6% í fjórðungnum og afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 461 m.kr. og dregst saman á milli ára. Niðurstaðan er lítillega undir væntingum okkar fyrir afkomu fjórðungsins en góð miðað við aðstæður.

Sem fyrr leggjum við höfðáherslu á að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu. Í vetur reyndi sannarlega á það þegar óvenju margir viðskiptavinir leituðu til okkar vegna tjóna. Við sjáum mikið virði í samskiptum við viðskiptavinum og nýtum þau til þess að aðlaga vöru- og þjónustuframboð þannig að það endurspeglir þarfir þeirra hverju sinni.

Í annað sinn á tveimur árum munum við endurgreiða viðskiptavinum okkar á einstaklingsmarkaði iðgjöld lögboðinna ökutækjatrýgginga í maí. Byggir sú ákvörðun á afar góðri rekstrarafkomu félagsins undanfarin ár og viljum við að viðskiptavinir okkar njóti góðs af því. Eins og síðast hefur aðgerðin mælst gríðarlega vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar sem og utan þess hóps. Með þessum tveimur endurgreiðslum hefur um 1.300 m.kr. verið varið til okkar viðskiptavina til viðbótar við árlega endurgreiðslu til tjónlausra Stofnfélaga. Við erum sannfærð um að þessar ráðstafanir ásamt háu þjónustustigi eiga þátt í okkar jákvæða iðgjaldavexti og mikilli tryggð viðskiptavina.

Fjárfestingatekjur af eignum í stýringu námu 825 m.kr. eða sem nemur 1,6% ávöxtun. Á fjórðungnum voru miklar sveiflur á fjármálamörkuðum í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu. Afkoma okkar af óskráðum hlutabréfum var neikvæð um 307 m.kr. sem skýrist að mestu leyti af gengislækkun hlutabréfa í Controlant líkt og tilkynnt var um 6. apríl sl.

Uppfærðar horfur fyrir árið 2022 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 1.400-1.800 m.kr og samsett hlutfall um 95-97%. Horfur til næstu 12 mánaða (2F 2022 – 1F 2023) gera ráð fyrir að

afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 1.400-1.800 m.kr. og samsett hlutfall um 95-97%. Breytingu á horfum má einkum rekja til tjónaþróunar á fyrsta ársfjórðungi auk töluverðrar óvissu um verðlagsþróun sem getur haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins á tímabilinu. Vel er fylgst með efnahagslegri þróun í okkar nærumhverfi og horfur uppfærðar eftir þörfum.

Kynningarfundur 5. maí kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 5. maí kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjörið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-1f-2022/>.

Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

2F 2022 – 14. júlí 2022

3F 2022 – 27. október 2022

4F 2022 – 9. febrúar 2023

Aðalfundur 2023 – 10. mars 2023

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna fyrsta ársfjórðungs 2022.

Nánari upplýsingar veitir Andri Már Rúnarsson í síma 772-5590 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	1F 2022	1F 2021	%
Vátryggingastarfsemi			
Iðgjöld tímabilsins	6.324	5.563	13,7%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-306	-287	6,8%
Eigin iðgjöld	6.018	5.276	14,1%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	142	41	-
Aðrar tekjur	71	46	53,8%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	6.232	5.364	16,2%
Tjón tímabilsins	-4.625	-3.793	21,9%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	27	68	-60,3%
Eigin tjón	-4.598	-3.725	23,4%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.173	-1.084	8,2%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-5.771	-4.809	20,0%
Hagnaður af vátryggingarekstri	461	555	-17,0%
Fjárfestingastarfsemi			
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	765	1.710	-55,2%
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.	157	35	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-118	-94	26,2%
Hagnaður af fjárfestingastarfsemi	804	1.652	-51,3%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.265	2.207	-42,7%
Tekjuskattur	-211	-143	47,7%
Heildarhagnaður tímabilsins	1.054	2.064	-48,9%
Tjónahlutfall	73,1%	68,2%	
Endurtryggingahlutfall	3,9%	3,7%	
Kostnaðarhlutfall	18,5%	19,5%	
Samsett hlutfall	95,6%	91,4%	
Rekstrarhlutfall	92,9%	90,1%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	22,4%	42,1%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	18,7%	39,4%	
Hagnaður á hlut	0,87	1,56	
Niðurstaða endurtrygginga	-247	-205	
Vátryggingaskuld	37.569	33.553	
Heildareignir	68.992	63.999	
Eigið fé	20.848	20.585	
Gjaldþolshlutfall	1,52	1,70	
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,91	4,46	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir fyrsta ársfjórðung 2022 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 5. maí 2022. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.